

Fimmtudaginn 19. september 1996.

240/1995.

**Pétur Lúðvík Marteinson**

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

**Flugleiðum hf.**

(Jakob Möller hrl.)

Vinnusamningur. Forsendur. Tómlæti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1995. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 1.296.826 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. maí 1990 til 1. október 1991, en af framangreindri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi miskabóta, að fjárhæð 500.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 8. desember 1994 til greiðsludags svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

#### I.

Ágreiningur málsaðila á rætur að rekja til ráðningar stefnda á flugstjórum á árunum 1989 og 1990, en áfrýjandi, sem starfaði þá sem flugmaður hjá stefnda, taldi þar ranglega hafa verið fram hjá sér gengið. Áfrýjandi bar málefnið undir svokallað starfsráð Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða hf., sem komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði 2. október 1991, að hann hefði átt rétt til stöðu sem flugstjóri hjá stefnda frá 16. apríl 1990. Ekki kom til þess, að áfrýjandi tæki við slíkri stöðu, heldur leituðu aðilar samninga um, að hann héldi áfram fyrri störfum gegn sérstökum greiðslum úr hendi stefnda.

Í málinu liggur fyrir samkomulag, dagsett 18. febrúar 1992 og undirritað af áfrýjanda og starfsmannastjóra stefnda, þess efnis, að

áfrýjandi falli frá rétti til að taka við starfi flugstjóra gegn því að njóta kjara sem slíkur í starfi flugmanns frá 1. sama mánaðar að telja. Í öðru skjali áfrýjanda og starfsmannastjórans, dagsettu sama dag, lýstu þeir yfir samkomulagi um fullnaðarbætur, að fjárhæð 900.000 krónur, handa áfrýjanda, vegna þess að stefndi veitti honum ekki stöðu flugstjóra vorið 1990. Þá liggur einnig fyrir skjal með fyrirsögninni Samkomulag, undirritað af áfrýjanda einum 4. mars 1992. Er þar ráðgert, að efni þessa skjals yrði hluti af heildaruppgjöri í tengslum við fyrrgreinda samninga. Skyldi stefndi greiða áfrýjanda samtals 273.723 krónur, en þessi fjárhæð mun hafa átt að svara til iðgjalda af hendi beggja aðila til Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna, ef áfrýjandi hefði tekið laun sem flugstjóri á tímabilinu frá apríl 1990.

Af hálfu stefnda var ekki fallist á þá ráðstöfun, sem fólst í síðastgreindu skjali, heldur greiddi hann 9. mars 1992 þar greind iðgjöld til eftirlaunasjóðsins. Hinn 5. sama mánaðar afhenti stefndi hins vegar lögmanni áfrýjanda tékka, að fjárhæð 900.000 krónur, til efnda á fyrrgreindu samkomulagi um fullnaðarbætur handa áfrýjanda. Þá liggur fyrir, að áfrýjandi hafi notið kjara sem flugstjóri hjá stefnda, svo sem um var samið með fyrstnefnda skjalinu frá 18. febrúar 1992, og mun hann hafa þegið laun á þeim grundvelli upp frá því.

Með bréfi 12. maí 1992 endursendi áfrýjandi stefnda áðurnefndan tékka, að fjárhæð 900.000 krónur. Í bréfinu greindi áfrýjandi frá því, að hann teldi samkomulag ekki hafa náðst milli sín og stefnda um ágreining þeirra, enda hafi hann í þeim efnum sett það skilyrði, að sér yrði greidd fyrrnefnd fjárhæð, sem svaraði til lífeyrissjóðs iðgjalda. Bréfi þessu svaraði stefndi 14. maí 1992 og lýsti þá þeim skilningi, að samkomulag hefði tekist milli aðila um uppgjör með áðurnefndum samningum frá 18. febrúar sama ár. Var áfrýjanda tjáð, að umræddur tékki yrði varðveittur hjá fjárreiðudeild stefnda og gæti áfrýjandi vitjað hans þar, þegar honum þóknaðist.

## II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í málinu meðal annars á því, að samningur um bætur hafi ekki komist á milli aðila, þar sem stefndi hafi ekki fallist á það skilyrði áfrýjanda fyrir heildaruppgjöri, að

honum yrði greidd áður nefnd fjárhæð, sem svari til lífeyrissjóðs-  
 iðgjalda. Lögmaður áfrýjanda hafi tekið við tékka fyrir 900.000  
 krónum til greiðslu fullnaðarbóta með fyrirvara og í trausti þess, að  
 áfrýjandi sætti sig við að ljúka ágreiningi aðila án þess að fá sjálfur  
 greiddar fyrrnefndar 273.723 krónur að auki. Þá vísar áfrýjandi  
 einnig til þess, að á síðari stigum hafi komið í ljós, að báðir aðilar  
 hafi gengist undir samning um fjárhæð fullnaðarbóta í þeim mis-  
 skilningi, að opinber gjöld yrðu ekki greidd af bótafé, en við það  
 hafi ákvörðun bótafjárhæðar verið miðuð. Telur áfrýjandi hvort  
 þessara atriða um sig leiða til þess, að hann geti nú krafið stefnda  
 um greiðslu, sem geri sig eins settan og ef hann hefði notið kjara  
 sem flugstjóri frá apríl 1990.

### III.

Umboðsmanni áfrýjanda var, sem fyrr segir, afhentur tékki 5.  
 mars 1992 til greiðslu þeirra 900.000 króna, sem gert var ráð fyrir  
 sem fullnaðargreiðslu í öðrum af tveimur samningum aðila, dag-  
 settum 18. febrúar sama ár. Ósannað er, að áfrýjandi hafi látið í ljós  
 við stefnda, að hann teldi samning ekki hafa komist á um þetta efni  
 vegna ágreinings um fjárhæð, sem svaraði til lífeyrissjóðsiðgjalda,  
 fyrr en með áðurgreindu bréfi 12. maí 1992, en þá endursendi hann  
 um leið umræddan tékka. Bæði fyrir og eftir þann dag þáði áfrýj-  
 andi án athugasemda laun í samræmi við sérstakan samning aðila  
 um starfskjör sín frá 18. febrúar 1992, sem var þó liður í heildar-  
 samningi til lausnar á ágreiningi þeirra. Þegar alls þessa er gætt,  
 verður að telja stefnda hafa mátt gera ráð fyrir því, að slíkur  
 heildarsamningur hafi verið kominn á í byrjun mars 1992, svo að  
 bindandi væri fyrir báða aðila.

Ljóst er af gögnum málsins, að aðilar hafa við undirbúning samn-  
 ings um svokallaðar fullnaðarbætur handa áfrýjanda tekið mið að  
 því, að hann fengi með samningnum greiðslu, sem svaraði mismun á  
 launum flugstjóra og flugmanna á tímabilinu frá apríl 1990. Í vitna-  
 skýrslu fyrir héraðsdómi staðfesti starfsmannastjóri stefnda, að fjár-  
 hæð sú, sem nefnd er fullnaðarbætur í samningnum, hafi verið  
 ákveðin með tilliti til þess, að ekki þyrfti að inna af hendi opinber  
 gjöld af greiðslunni, sem sætti þannig lækkun, sem svaraði hlutfalli  
 staðgreiðslu skatta af launum. Vegna þessara forsendna fyrir samn-

ingsgerðinni, sem báðum aðilum voru ljósar og reyndust vera rangar, verður að fallast á það með áfrýjanda, að samningur aðila bindi hann ekki, að því er fjárhæð greiðslunnar varðar. Á áfrýjandi því rétt á, að stefndi greiði honum þá fjárhæð, sem ætla má, að aðilar hafi sammælt um, án tillits til villu þeirra beggja.

Í málinu nýtur ekki ótvíræðra gagna frá samningsumleitunum aðila um þá launafjárhæð, sem þeir miðuðu við, að stefndi myndi bæta áfrýjanda án tillits til opinberra gjalda. Hins vegar liggja fyrir gögn af hendi beggja aðila, þar sem fram kemur, að þeir hafi talið, að lífeyrissjóðsiðgjöld af töpuðum launum áfrýjanda ættu að vera 273.723 krónur, svo sem áður er getið. Er þetta samtala framlags, sem hefði átt að koma annars vegar frá áfrýjanda og nema 4 hundraðshlutum launa hans, og hins vegar frá stefnda, en hluti hans átti að svara til 18 hundraðshluta launanna. Samkvæmt þessu hefur útreikningur lífeyrissjóðsiðgjaldanna miðast við, að launin hefðu numið 1.244.200 krónum. Verður að leggja þessa fjárhæð til grundvallar og dæma áfrýjanda hana úr hendi stefnda.

Lagaheimild er ekki fyrir kröfu áfrýjanda um miskabætur, og verður henni hafnað þegar af þeim sökum.

Eins og áður greinir, stóð áfrýjanda til boða greiðsla á 900.000 krónum í samræmi við samning aðila um svonefndar fullnaðarbætur allt frá 5. mars 1992, en þáði hana ekki. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að áfrýjandi hafi borið fyrir sig, að ákvörðun þessarar fjárhæðar væri reist á röngum forsendum, fyrr en í fyrra dómsmáli milli aðila um sakarefnið, en í héraðsdómsstefnu kveður áfrýjandi það mál hafa verið þingfest 18. janúar 1994. Liggur ekki fyrir, hvaða dag málið var höfðað, en þá fyrst gafst stefnda sannanlega færi á að meta að nýju fjárhæð greiðslu sinnar til áfrýjanda. Með hliðsjón af 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 verða áfrýjanda því dæmdir dráttarvextir af kröfu sinni frá 18. febrúar 1994.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

M  
Rey  
Haf  
Rey  
Rey  
desc  
D  
I.  
drát  
II.  
FÍA  
B.  
flugs  
apríl  
drátt  
III  
virðis  
dags.  
Dó  
stefna  
krafis

Málan  
Ste.  
félagi  
alla tí  
Loftle  
ágrein  
flugstj  
Sam.  
maí 19

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Flugleiðir hf., greiði áfrýjanda, Pétri Lúðvík Marteinssyni, 1.244.200 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. febrúar 1994 til greiðsludags. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 1995.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Pétri Lúðvík Marteinssyni, kt. 241132-2189, Vesturvangi 15, Hafnarfirði, á hendur Herði Sigurgestssyni, kt. 020638-2659, Skeljatanga 1, Reykjavík, stjórnarformanni fyrir hönd Flugleiða hf., kt. 061273-0129, Reykjavíkurflugvelli, með stefnu, áritaðri af héraðsdómsslögmanni 8. desember 1994, sbr. 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991.

Dómkröfur stefnanda eru:

I. til greiðslu kröfu, að fjárhæð 1.296.826 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

II. A. Stefndi veiti stefnanda stöðu flugstjóra samkvæmt starfsaldurslista FÍA og Flugleiða hf. eða

B. til vara í þessu efni, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til stöðu flugstjóra samkvæmt starfsaldurslista FÍA og Flugleiða hf. frá og með 16. apríl 1990; einnig er krafist miskabóta úr hendi stefnda, 500.000 kr., auk dráttarvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

III. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts, 24,5%, á málflutningsþóknun auk dráttarvaxta til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að bótakrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

## I.

*Málavextir.*

Stefnandi mun hafa starfað sem flugmaður hjá Flugleiðum hf., frá því að félagið var stofnað, en áður sem flugmaður hjá Loftleiðum hf. Hann mun alla tíð hafa starfað á millilandavélum félaganna og á þeim flugleiðum, sem Loftleiðir hf. flugu fyrir stofnun Flugleiða hf. Veturinn 1989-1990 mun ágreiningur hafa risið milli stefnanda og stefnda um rétt stefnanda til stöðu flugstjóra á F-27, sem er flugvéllartegund notuð í innanlandsflugi.

Samkvæmt 12. gr. kjarasamnings flugmanna við Flugleiðir hf., gerðum í maí 1989, var stofnað til svokallaðs starfsráðs, er skera skyldi m. a. úr öllum

ágreiningi, sem kynni að rísa út af starfsaldursreglum, er samningurinn greinir frá, eða röð á starfsaldurslista.

Miðvikudaginn 2. október 1991 var kveðinn upp svofelldur úrskurður af meiri hluta starfsráðs: „Samkvæmt 5. grein c í starfsaldursreglum FÍA og Flugleiða hf. skulu stöður að jafnaði auglýstar með hálfsmánaðarfyrirvara. Með auglýsingu, dags. 18. 8. 1989, voru auglýstar ótilgreindar stöður flugstjóra á F-27 vegna tilfærslna í stöður flugmanna á B-757/200. Fyrir liggur, að fjórar flugstjórnarstöður á F-27 losnuðu vegna þeirra tilfærslna, sem um er getið í auglýsingunni, en á grundvelli hennar voru þó ráðnir sjö flugstjórar. Starfsráð telur, að auglýsingin hafi samkvæmt orðalagi sínu ekki tekið til nema fjögurra stöðuveitinga, og hafi því borið samkvæmt greindri 5. grein c starfsaldursreglna að auglýsa sérstaklega þær þrjár stöður, sem ráðið var í til viðbótar. Með því að það var ekki gert, gafst kæranda ekki kostur þess að sækja um þær, en samkvæmt starfsaldurslista bar honum ótvírætt réttur til slíkrar stöðu umfram þá, sem ráðnir voru. Ber því að fallast á sjónarmið kæranda, Péturs Lúðvíks Marteinsonar, og viðurkenna, að hann eigi rétt til stöðu sem flugstjóri á F-27 frá og með 16. apríl 1990.“

Stefnandi og Már Gunnarsson, starfsmannastjóri stefnda, undirrituðu eftirfarandi skjöl: „Samkomulag milli Flugleiða annars vegar og Péturs Lúðvíks Marteinsonar hins vegar, að hann falli frá að taka sæti flugstjóra á Fokker-50 hjá félaginu. Flugleiðir munu tryggja honum flugstjórakjör frá og með 1. febrúar 1992 til starfsloka á þeirri flugvél, sem hann starfar á.“ Og: „Flugleiðir annars vegar og Pétur Lúðvík Marteinson hins vegar gera með sér samkomulag um skaðabætur, þar sem félagið veitti honum ekki flugstjórastöðu vorið 1990. Samkvæmt úrskurði starfsráðs átti hann rétt á flugstjórastöðu í apríl 1990. Samkomulag er um fullnaðarbætur fyrir miska, óþægindi, stöðumissi o. fl., samtals 900.000 kr. – níu hundruð þúsund.“ Bréfin eru dagsett 18. febrúar 1992.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að 5. mars 1992 hafi stefndi greitt stefnanda umsamda bótafjárhæð. Jafnframt hafi verið lagt fyrir fjárreiðudeild Flugleiða hf. að leiðrétta lífeyrissjóðsgreiðslur vegna stefnanda, og hafi 9. s. m. verið greiddar 273.723 kr. vegna stefnanda í Eftirlaunasjóð FÍA.

Með bréfi 12. maí 1992 endursendi stefnandi stefnda ávísun, að fjárhæð 900.000 kr., dags. 5. mars s. á., en þar segir m. a.: „Tilfnið er, að ég tel ekki hafa náðst samkomulag milli mín og félagsins [...]. Af minni hálfu var skilyrði, að greiðsla, sem svaraði lífeyrissjóðsframlagi, 273.723 kr., rynni til mín beint, ...“

I  
S  
S  
S  
a  
s  
h  
is  
h.  
þi  
st  
lö  
st  
ur  
  
þe  
69.  
ha  
og  
kr.  
37.  
haf  
kr.,  
útre  
Gu  
S  
sími

## II.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að með úrskurði starfsráðs 2. október 1991 hafi verið viðurkennt með bindandi hætti fyrir stefnda, að stefnandi ætti rétt til stöðu sem flugstjóri á F-27 frá og með 16. apríl 1990. Í kjölfar þessa úrskurðar kveður stefnandi hafa hafist samningatilraunir milli aðila um uppgjör á launamun, sem úrskurðurinn fól í sér, svo og um stöðuhækkunina sjálfa. Stefndi hafi boðið stefnanda, að hann starfaði eins og áður sem flugmaður á B-757, en á kjörum flugstjóra. Á þetta tilboð kveðst stefnandi hafa verið tilbúinn að fallast gegn því, að hann fengi greiddan í bætur þann launamun, sem hann hafði misst, þ. m. t., að hann fengi greidda fjárhæð, sem svaraði þeirri, er félagið ella hefði greitt í Lífeyrissjóð FÍA.

Stefnandi kveðst vegna væntanlegs samkomulags í þessa veru hafa undirritað þrjú skjöl, þ. e., a) samkomulag, dags. 18/2 1992, um flugstjórastöðu, sbr. dskj. nr. 8, b) samkomulag um fullnaðarbætur, sbr. dskj. nr. 9, og c) samkomulag, dags. 4/3 1992, um greiðslu á 273.723 kr., sbr. dskj. nr. 10. Stefnandi kveðst hafa heimilað lögmanni sínum, Valgeiri Kristinssyni hrl., að afhenda stefnda skjölin gegn því, að gengið yrði að öllum kröfum hans, sem á þau voru rituð. Lögmaðurinn og starfsmannastjóri Flugleiða hf. hafi haldið fund um uppgjörið 5. mars 1992. Af hálfu stefnda hafi ekki verið fallist á þá kröfu stefnanda, að stefndi greiddi stefnanda 273.723 kr., heldur hafi stefndi kosið að greiða þá fjárhæð í lífeyrissjóð FÍA. Lögmaðurinn hafi þá án árangurs reynt að ná til stefnanda til að bera undir hann þessa afstöðu stefnda, en svo hafi að lokum farið, að skipst hafi verið á skjölum, lögmaðurinn tekið við ávísun, að fjárhæð 900.000 kr., til stefnanda, en stefnda fengið í hendur skjal a og b, sbr. dskj. nr. 8 og 9, allt með fyrirvara um, að stefnandi samþykkti þessi málalok.

Við aðalmeðferð málsins gerði lögmaður stefnanda svofellda grein fyrir þessari fjárhæð: Launamunur flugmanns og flugstjóra í 18 mánuði ( $18 \times 69.122$ ) verður 1.244.196 kr. – skattur (39,79%) 495.065 kr. = 749.131 kr. Þá hafi 25% hækkun verið reiknuð á dagpeninga, er stefnandi hafi fengið frá og með 16. apríl 1990 til og með 30. september 1991, sem hafi gert 155.501 kr., en dagpeningar frá því í október 1991 til janúar 1992 ( $4 \times 9.367$ ) = 37.470 kr., en þessir þrír liðir geri samtals 942.102 kr. og frá þeirri fjárhæð hafi verið dregin 4% vegna Lsj. FÍA, og hafi þá mismunur orðið 897.687 kr., sem hafi verið hækkaður í 900.000 kr. Staðhæfði lögmaðurinn, að þessi útreikningur hefði verið gerður í samráði við starfsmannastjóra stefnda, Má Gunnarsson.

Stefnandi kveðst ekki hafa sætt sig við uppgjörið og tilkynnt stefnda það símleiðis, en með bréfi 12. maí 1992 hafi ávísunin jafnframt verið endursend

og hann krafist þess að fá stöðu flugstjóra samkvæmt starfsaldurslista „nú þegar“.

Útreikning stefnufjárhæðar kveðst stefnandi reisa á kjarasamningi Flugleiða hf. og FÍA (Félags íslenskra atvinnuflugmanna), og sé launamunur á flugmanni og flugstjóra 1.110.368 kr. eftir útreikningi launadeildar Flugleiða hf., sbr. dskj. nr. 5. Þá sé gerð krafa um dagpeninga, 186.458 kr., sem séu 25% álag á þá dagpeninga, sem stefnandi fékk á þeim tíma, er um ræðir, þar eð flugstjórar hafi 25% hærri dagpeninga en flugmenn skv. kjarasamningi. Stefnufjárhæð án vaxta nemi því 1.296.826 kr.

Stefnandi krefst þess einnig, að staðfestur verði úrskurður starfsráðs FÍA og Flugleiða hf. frá 2. október 1991 í þá veru, að stefnanda verði veitt staða flugstjóra samkvæmt starfsaldurslista, og vísar í því sambandi einnig til bréfs stefnda til stefnanda 14. janúar 1992, sbr. dskj. nr. 18, en í þessari dómkröfu felist, að stefnandi verði sendur í flugstjóraþjálfun á Fokker Friendship F-50, sem er nú notuð í innanlandsflugi, allt samkvæmt nánari reglum félagsins, og síðan taki hann stöðu flugstjóra.

Nái krafan um flugstjórastöðuna ekki fram að ganga, er til vara krafist viðurkenningar á rétti stefnanda til stöðu flugstjóra, sem reist sé á framan-skráðum úrskurði starfsráðs. Stefnandi kveðst gera þessa kröfu til vara í ljósi dómaframkvæmdar, sem oft hafi hafnað slíkum dómkröfum vegna annmarka á að framfylgja þeim með aðför, ef á reyni. Ásamt kröfu um viðurkenningu á rétti til stöðu flugstjóra krefst stefnandi miskabóta vegna þeirrar niðurlægingar, sem í því hafi falist að vera hafnað sem flugstjóra, en það sé metnaðarmál hvers flugmanns að gegna stöðu flugstjóra á atvinnuferli sínum, og hafi stefnandi áunnið sér rétt til þessa, en verið meinuð staðan af stefnda.

Stefnandi kveðst reisa stefnukröfu „á reglum samningaréttar um skuld-bindingargildi samninga og reglna um umboð og vísar til almennra reglna kröfuréttar til stuðnings kröfum sínum. Vísað er til úrskurðar starfsráðs FÍA og Flugleiða hf. frá 2. október 1991 og til gildandi kjarasamninga FÍA og Flugleiða hf. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og um málskostnað við 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr., einkum 1. tl. e laga nr. 91/1991. Krafa um miskabætur er studd skaðabótalögum. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað er sett fram af skaðleysissjónarmiðum; stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur, og þar sem greiða ber slíkan skatt af lögfræðipjónustu, er stefnanda nauðsyn að krefjast hans úr hendi stefnda.“



*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi kveður stefnanda hafa sótt um stöðu flugstjóra í janúar 1992. Hafi honum þá verið úthlutað flugstjórastöðu á F-50 flugvélum, sem komu í stað F-27 og eru notaðar til flugs innan lands og til Færeyja, en forsenda þess, að þjálfun geti hafist, sé slík úthlutun. Stefndi kveður stefnanda hafa farið í nokkrar kynningarferðir sem aukamaður með eftirlitsflugmönnum á F-27, en hafi síðan hætt við kynningarflugið og með aðstoð lögmanns síns hafið samningaumleitunir við starfsmannastjóra stefnda um greiðslu þess launamunar, sem er á launum flugstjóra og flugmanns. Stefndi hafi því aldrei lokið tilskilinni þjálfun sem flugstjóri á F-27 né á F-50.

Stefndi kveður eina af aðalröksemdum stefnanda í samningaumleitunum aðila hafa verið þá, að hann yrði af réttindum í lífeyrissjóði, nyti hann ekki kjara flugstjóra, en aðilar hafi verið sammála um, að eðlilegt væri að miða við, að stefndi yrði jafnsettur og væri hann flugstjóri. Hafi lögmanni stefnanda verið falið að reikna út „bótafjárhæðina“, en gert hafi verið ráð fyrir því, að stefndi skilaði greiðslum í Lífeyrissjóð FÍA, svo að stefndi yrði eins settur um réttindi sín hjá sjóðnum og hefði hann hafið störf sem flugstjóri 16. apríl 1990.

Af hálfu stefnda er staðhæft, að 18. febrúar 1992 hafi starfsmannastjóri stefnda og lögmaður stefnanda gengið frá samkomulagi aðila. Hafi það verið tvíþætt, annars vegar hafi stefndi fallið frá að taka sæti flugstjóra gegn því, að honum yrðu tryggð flugstjórakjör frá 1. febrúar 1992, hins vegar „var samið um uppgjör fullnaðarbóta vegna tímabilsins, frá því að stefnanda var úrskurðaður réttur til flugstjórastöðu“, og hafi stefndi staðfest þetta með undirritun sinni á viðkomandi skjöl. Af hálfu stefnda er því eindregið hafnað, að ein af forsendum samkomulagsins hafi verið krafa stefnanda um, að stefndi greiddi honum persónulega „4% hlut hans í Lífeyrissjóð FÍA, 49.768 kr., svo og 18% hluta félagsins, 223.955 kr., samtals 273.723 kr.“, sbr. dskj. nr. 10, dags. 4. mars 1992, og sé staðhæfingum stefnanda um þetta mót-mælt sem ósönnum.

Stefndi reisir nú sýknukröfu sína á því, að honum sé með öllu óskýlt að greiða stefnanda bætur fyrir að hafa hugsanlega orðið af flugstjórastöðu á tímabilinu frá 16. apríl 1990 til 31. janúar 1992. Og enda þótt stefnda hafi umfram skyldu og til að ljúka málinu þótt rétt að koma til móts við stefnanda á þann hátt að greiða honum bætur fyrir umrætt tímabil, hafi forsenda þess verið, að samkomulag næðist um þá afgreiðslu, þá sé á það að líta, að réttur til flugstjóra-launa stofnist fyrst frá þeim tíma, sem flugmaður tekur sæti flugstjóra eftir tilskilda þjálfun, eins og kveðið sé á um í kjarasamningi

FÍA og Flugleiða hf. Þannig hafi umgetinn úrskurður starfsráðs frá 2. október 1991 ekki stofnað stefnanda sjálfstæðan rétt til flugstjóraauna.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu á kröfu stefnanda um flugstjórastöðu á því, að stefnanda hafi gefist tækifæri til að njóta þjálfunar til starfsins, stefnandi hafi á hinn bóginn sjálfur hætt undirbúningi, undirritað samkomulag um, að hann félli frá kröfu sinni um stöðu flugstjóra gegn því að fá laun flugstjóra, og síðan tekið án athugasemda við slíkum launum frá stefnda frá 1. febrúar 1990. Í þessu samhengi vísar stefndi til ákv. reglug. nr. 344/1990, gr. 2.1.10., um 60 ára aldurshámark flugmanna, og til c-liðar 5. gr. starfsaldursreglna Flugleiða hf., enda sé stefnandi fullra 62 ára. Þá telur stefndi, að vinnuveitandi verði aldrei skyldaður til að veita manni stöðu (efnd in natura), hvað sem um bótaábyrgð megi segja.

Stefndi vísar til ákv. 9. kafla kjarasamnings FÍA og Flugleiða hf. og gr. 17–14 samningsins og ákv. 2. gr. laga nr. 55/1980 um skil sín á 273.723 kr. til „Eftirlaunasjóðs FÍA“, sem áður er getið, enda sé það ósannað, að skilyrði samkomulags aðila hafi verið, að féð rynni beint til stefnanda. Þá geti bótagreiðsla til stefnanda aldrei numið hærri fjárhæð en undirritað samkomulag aðila, dags. 18. febrúar 1992, greinir, 900.000 kr., sbr. dskj. nr. 9. Þessi fjárhæð hafi verið innt af hendi á sínum tíma, eins og til stóð, en stefnandi endursent fjárhæðina. Eigi að síður hefði hún staðið honum til boða. Þannig væri ekki um vanskil að ræða og þar með enginn grundvöllur fyrir dráttarvaxtakröfu stefnanda.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um greiðslu bóta vegna dagpeninga, enda hafi stefndi greitt stefnanda sem flugmanni í millilandaflugi á því tímabili, sem hér um ræðir, mun hærri dagpeninga en hann hefði notið sem flugstjóri á F-27.

Stefndi mótmælir miskabótakröfu stefnanda, þar sem hún hafi ekki laga-stöð.

Stefndi andmælir málskostnaðarkröfu stefnanda, þar sem stefndi hafi þegar greitt lögmanni stefnanda þóknun vegna þessa máls.

Stefndi kveðst reisa málskostnaðarkröfu sína á 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varakröfu kveðst stefndi vísa til þess, að hann hafi í hvívetna virt samkomulag aðila. Stefnandi beri því alla ábyrgð á þessari málsókn.

#### IV.

##### *Niðurstaða.*

Samkvæmt úrskurði starfsráðs FÍA og Flugleiða hf. frá 2. október 1991 var viðurkennt, að stefnandi ætti rétt til stöðu sem flugstjóri á F-27 frá og

á  
t  
þ  
n  
  
„J  
að  
19  
ve  
Að  
á,  
ste  
ste.  
M  
sem  
frar  
stefi  
um  
273.  
enda  
og ta  
grun  
og ha  
bótar  
bótag  
lega fi  
þess h  
Ekk

með 16. apríl 1990. Úrskurðurinn er afturvirkur og gaf því stefnda ekki tækifæri til efnda samkvæmt efni sínu að öllu leyti. Þá er á það að líta og raunar ekki um það deilt, að til að verða flugstjóri á hverri flugvélargerð fyrir sig þarf ákveðna þekkingu og þjálfun, sem ekki er hægt að öðlast án þess að gangast undir skólun þar að lútandi og standast prófraun, sbr. og 34.–37. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964. Því verður að álykta, að í úrskurðinum felist einungis viðurkenning á því, að forsvarsmenn Flugleiða hf. hefðu átt að kalla stefnanda til þjálfunar sem flugstjóra á F-27 í síðasta lagi 16. apríl 1990, ef hann óskaði þess, en ekki, að hann hafi skv. úrskurðinum öðlast fortakslausan rétt til að verða flugstjóri hjá félaginu.

Stefnandi kvaðst hafa haft samband við flugrekstrarstjóra stefnda skv. ábendingu starfsmannastjórans, eftir að úrskurður starfsráðsins gekk, og tjáð honum, að hann væri tilbúinn að bíða eftir að gangast undir flugstjóraþjálfun, uns ný flugvélartegund, F-50, sem taka átti við af F-27, yrði tekin í notkun, eins og til stóð, upp úr áramótum 1991-92.

Þá segir í bréfi 14. janúar 1992 frá flugrekstrarstjóra stefnda til stefnanda: „Þar eð hætt verður rekstri F-27-flugvéla Flugleiða, hefur þér verið úthlut- að stöðu flugstjóra á F-50 samkvæmt umsókn þinni, dagsettri 7. janúar 1992.“ Stefnandi mun hafa farið tvisvar í svonefnt kynningarflug, sem er venjulegur aðdragandi flugstjóraþjálfunar, eftir að honum barst þetta bréf. Aðilar eru hins vegar ekki sammála um, hvers vegna ekkert framhald varð á, en svo mikið er víst, að umræður urðu með aðilum um þetta leyti, að stefnandi félli frá kröfu um að verða flugstjóri gegn umbun úr hendi stefnda, eins og rakið hefur verið.

Már Gunnarsson, starfsmannastjóri stefnda, Flugleiða hf., kom fyrir dóm sem vitni. Hann staðfesti, að þá er fundur hans og lögmanns stefnanda fór fram til samkomulags um greiðslu Flugleiða hf. til stefnanda gegn því, að stefnandi félli frá kröfu um stöðu flugstjóra hjá félaginu, hefði hann vitað um það skilyrði stefnanda, að greiðsla, sem svaraði lífeyrissjóðsframlagi, 273.723 kr., gengi beint til stefnanda. Hann hafi hins vegar hafnað kröfunni, enda gangi hún á skjön við almennar reglur um launa- og lífeyrisgreiðslur, og talið í ljósi fyrri umræðna við talsmann stefnanda og á þeim samningsgrundvelli, sem fallist hafði verið á, að stefnandi yrði eins settur launalega og hann hefði tekið stöðu flugstjóra frá og með 16. apríl 1990, að þessi viðbótarkrafa réði ekki úrslitum samkomulags aðila. Þá staðfesti hann, að bótageiðsla, að fjárhæð 900.000 kr., til stefnanda hafi m. a. verið reikningslega fundin með því að draga frá 39,79% skatt af 1.244.196 kr., en forsenda þess hafi byggst á misskilningi beggja aðila á skattareglum.

Ekki er deilt um það, að stefnandi hefur þegið laun eins og flugstjóri frá

1. febrúar 1992. Og enda þótt hann hafnaði bótagreiðslu, að fjárhæð 900.000 kr., þar eð ekki hafi verið gengið að kröfu hans um 273.723 kr. greiðslu í viðbót, þykir hann í verki hafa samþykkt, „að hann falli frá að taka sæti flugstjóra á Fokker-50 hjá félaginu“, sbr. dskj. nr. 8. Í þessu sambandi er einnig tekið mið af ákv. 2.1.10. reglug. nr. 344/1990, þar sem segir af réttindamissi flugmanna, sem náð hafa 60 ára aldri, en stefnandi er nú 62 ára.

Stefnandi hefur starfað sem flugmaður hjá stefnda, Flugleiðum hf., frá því að félagið var stofnað, en var áður flugmaður hjá Loftleiðum hf. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til annars en að starfsferill stefnanda á þessum vettvangi hafi verið óaðfinnanlegur. Með úrskurði starfsráðs FÍA og Flugleiða hf. frá 2. október 1991 er staðfest, að gengið var fram hjá stefnanda um flugstjórstöðu hjá stefnda í andstöðu við þær reglur, sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiðir hf. höfðu sett sér. Þykir stefnandi því eiga rétt á bótum úr hendi stefnda. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og forsendna stefnufjárhæðar þykja 1.100.000 kr. hæfilegar bætur, og verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Flugleiðir hf., greiði stefnanda, Pétri Lúðvík Marteinsyni, 1.100.000 krónur, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

ke  
NI  
hé:  
ver  
við  
gre:  
með  
með  
tals  
fjárl  
Sam